




**Íbúakönnun landshlutanna 2023: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða**  
**- Samantekt á niðurstöðum**



# DEIGLAN

## Rannsókn og textavinna:

Vífill Karlsson, hagfræðingur Ph.D., ráðgjafi SSV og dósent við HA  
Hrafnhildur Tryggvadóttir, ráðgjafi SSV

## Uppsetning og brot:

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

## Yfirlestur:

Ásthildur Magnúsdóttir

## Verkefnastjórn um söfnun gagna:

Vífill Karlsson, SSV, verkefnisstjóri  
Dagný Gísladóttir, Heklan  
Sigurður Líndal Þórisson, Vestfjarðarstofa  
Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, SSNV  
Ari Páll Pálsson, SSNE  
Gabriel Arnarson, Austurbrú  
Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, SASS

Júní 2024

Rit nr. 1

ISSN 2672-6459

DEIGLAN er sameiginlegt rit atvinnuþróunarfélaganna, Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna

# Efnisyfirlit

Svæðisbundin greining búsetuskilyrða.....	bls. 5
Staða og mikilvægi búsetuskilyrða.....	bls. 47
Niðurstöður annarra áhugaverðra spurninga.....	bls. 123
Um íbúakönnun landshlutanna.....	bls. 145

# Helstu niðurstöður

## Búsetuskilyrði

- Eyjafjörður kom best út úr þessari könnun, Skagafjarðarsýsla var í öðru sæti og Akureyri í því þriðja (bls. 122).
- Strandir og Reykhólar, Skaftafellssýslur og A-Húnnavatnsýsla komu verst út úr könnuninni (bls. 122).
- Dalir hækkuðu mest á milli kannana en Þingeyjarsýsla, Eyjafjörður og Hérað og N-Múlasýsla hækkuðu líka mikið á milli kannana (bls. 122). Í Dölunum löguðust mest á milli kannanna fjórir þættir er tengjast afþreyingu (íþróttir, afþreying, unglingsastarf, menning), þríðir þættir er tengjast vinnumarkaði (atvinnuöryggi, atvinnurekstur og atvinnuúrvval) en líka munaði um þjónustu við fólk í fjárhagsvanda, skipulagsmál og framhaldsskóla (bls. 66).
- Mest lækkuðu Vestmannaeyjar, Skaftafellssýslur og A-Húnnavatnssýsla (bls. 122). Í Vestmannaeyjum virðist muna um breytingu á milli kannanna á þáttunum rafmagn, leiguíbúðir, íbúðir, dvalarheimili, vöruberð og almenningssamgöngur (bls. 114).
- Samantekin einkunn var á bilinu 3,8 til 7,2 á skalanum 0-10 (bls. 122). Það er svipuð breidd og var árið 2020.

## Hamingja

- Íbúar Skagafjarðarsýslu, Héraðs og N-Múlasýslu og Snæfellsness voru hamingjusamastir í könnuninni (bls. 131).
- Íbúar Stranda og Reykhóla ásamt V-Húnnavatnssýslu voru óhamingjusamastir í könnuninni. (bls. 131).
- Ekki var mikill munur á svörun á milli landshluta en það vekur áhyggjur hvað unga fólk ið er óhamingjusamara en aðrir íbúar í nánast öllum landshlutum (bls. 131).

## Almennt viðhorf til þjónustu sveitarfélagsins


- Íbúar Vestmannaeyja voru ánægðastir með þjónustu síns sveitarfélags þegar spurt var almennt, því næst íbúar Akureyrar og Rangárvallasýslu ásamt Akranesi og Hvalfirði (bls. 132).
- Íbúar Stranda og Reykhóla voru óánægðastir með þjónustu sveitarfélags síns, því næst íbúar Fjarðarbyggðar og Voga (bls. 132).

# Svæðisbundin greining

# Um svæðisbundna greiningu


- Birt eru meðaltöl búsetuskilyrða eftir svæðum og raðað eftir meðaltöllum
- Búsetuskilyrðin eru 40
- Undirhópar sem voru skoðaðir sérstaklega:
  - Ungt fólk á aldrinum 18-34 ára
  - Konur
  - Fólk í sveitum/dreifbýli
  - Hafa verður það samt í huga að víða eru ungar þátttakendur og þeir sem búa í dreifbýli of fáir til að gera of mikið úr niðurstöðunum fyrir þá.

# Afþreying




- Nokkur munur var á afstöðu til afþreyingar á milli landshluta (meðaltal á bilinu 2,4 til 3,8)
- Höfuðborgarsvæðið, Akureyri og Eyjafjörður komu best út.
- Sveitarfélagið Vogar, Suðurnesjabær og S-Vestfirðir komu verst út.
- Unga fólk var almennt óánægðara með afþreyingu en aðrir hópar.

# Aldraðir




- All nokkur munur var á neðsta og efsta landsvæðinu (2,7 og 4,1) en ekki var verulegur munur á þeim sem lentu þar á milli. Það veldur því hvað S-Vestfirðir skera sig mikið úr öðrum landshlutum.
- V-Húnavatnssýsla, Snæfellsnes og Akranes og Hvalfjörður komu best út.
- S-Vestfirðir, Reykjanesbær og Árnessýsla komu verst út.
- Undirhópar skáru sig almennt ekki úr, en þó voru íbúar dreifbýlisins óánægðari en aðrir á nokkrum svæðum; á Snæfellsnesi, N-Vestfjörðum, í Eyjafirði, Skaftafelssýslum, og á höfuðborgarsvæðinu.

# Almenningssamgöngur




- Mikill munur var á afstöðu til almenningssamgangna á milli landshluta (meðaltal 1,7 til 3,6)
- Akureyri, Akranes og Hvalfjörður og höfuðborgarsvæðið komu best út og munar miklu á þessum þremur sætum.
- Strandir og Reykhólar, Dalir og Sveitarfélagið Vogar komu verst út.
- Unga fólk ið og en þó sérstaklega fólk í sveitum er almennt óánægðara með almenningssamgöngur en aðrir.

# Atvinnuúrval




- Mikill munur var á afstöðu til atvinnúrvals á milli landshluta (meðaltal á bilinu 1,9 til 3,8).
- Akureyri, Skagafjarðarsýsla og höfuðborgarsvæðið komu best út.
- Sveitarfélagið Vogar, Strandir og Reykhólar og Dalir komu verst út.
- Fólk í sveitum var frekar neikvæðara einkum á höfuðborgarsvæðinu. Unga fólk i Dölunum var áberandi jákvæðara en aðrir Dalamenn.

# Atvinnuöryggi




- Nokkur munur var á afstöðu til atvinnuöryggis á milli landshluta (meðaltal á bilinu 2,7 til 4,1).
- Fjarðabyggð, Skagafjarðarsýsla og Vestmannaeyjabær komu best út.
- Sveitarfélagið Vogar, Strandir og Reykhólar og A-Húnnavatnssýsla komu verst út.
- Unga fólk i Dölunum var áberandi jákvætt. Fólk í dreifbýli var óánægðara en aðrir í fleiri landshlutum.

# Atvinnurekstur




- Frekar lítt munur var á afstöðu til möguleika á eigin atvinnurekstri á milli landshluta (meðaltal á bilinu 2,9 til 3,7). Það er athyglisvert því oft hefur þetta verið talin ein af megin orsökum byggðaröskunar.
- Rangárvallasýsla, höfuðborgarsvæðið og Skaftafellssýslur komu best út.
- Sveitarfélagið Vogar, Strandir og Reykhólar og A-Húnnavatnssýsla komu verst út.
- Almennt sá unga fólk færri möguleika til að ráðast í eigin atvinnurekstur en aðrir með undantekningu í Dölu og Þingeyjarsýslum.

# Ásýnd




- Ekki var mikill munur á milli landsvæða hvað varðar ásýnd bæja og sveita og hvað varðar almenna umgengni m.v. loftgæðin sem dæmi.
- Snæfellsnes, Þingeyjarsýsla og Vestmannaeyjabær komu best út.
- Sveitarfélagið Vogar, Strandir og Reykhólar og Reykjanesbær komu verst út.
- Ekki var mikill munur á milli einstakra hópa innan sveitarfélaganna. Helst að íbúar í dreifbýli og unga fólkid væru ánægðari en aðrir íbúar en undantekningar voru frá því.

# Dvalarheimili




- Mikill munur var á milli landsvæða hvað ánægju með dvalarheimili snerti (meðaltal á bilinu 2,3 til 4,2).
- Rangárvallasýsla, Snæfellsnes og Borgarfjarðarsvæði komu best út.
- S-Vestfirðir, Suðurnesjabær og Árnessýsla komu verst út.
- Fólkid í sveitunum skar sig einna helst úr og var að jafnaði óánægðara en aðrir hópar.

# Farsími




- All nokkur munur var á afstöðu á milli landshluta hvað gæði farsíma-sambands varðar (meðaltöl á bilinu 2,7 til 4,5). Þó skera neðstu landsvæðin sig mest úr hinum og er mikill munur á því neðsta og efsta.
- Akureyri, höfuðborgarsvæðið og Akranes og Hvalfjörður komu best út.
- Dalir, S-Vestfirðir og Strandir og Reykhólar komu verst út.
- Íbúar í dreifbýli voru óánægðari en aðrir og unga fólk ið ánægðara en aðrir.

# Fatlaðir




- Nokkur munur var á milli landsvæða hvað ánægju með þjónustu við fatlaða varðaði (2,4 til 3,8).
- Vestmannaeyjabær, Skagafjarðarsýsla og Akranes og Hvalfjörður komu best út.
- S-Vestfirðir, Sveitarfélagið Vogar og Dalir komu verst út.
- Undirhóparnir skáru sig almennt ekki úr, innan ákveðinna svæða voru þó dæmi þess að ungt fólk eða fólk í sveitum væri annað hvort ánægðara eða óánægðara en aðrir.

# Fjárhagsvandi




- Lítill munur var á afstöðunni til þjónustu við fólk í fjárhagsvanda milli landshluta (meðaltal á bilinu 2,6 til 3,4).
- Vestmannaeyjabær, Skagafjarðarsýsla og V-Húnnavatnssýsla komu best út.
- Sveitarfélagið Vogar, Strandir og Reykhólar og Rangárþvallasýsla komu verst út.
- Einstaka hópar íbúa skáru sig ekki sérstaklega úr en það er eins og fólk í dreifbýli sé víðar óánægðara en ánægðara en það skilar sér ekki í tölunum fyrir öll svæði.

# Framfærsla




- Nokkur munur var á afstöðu til framfærslukostnaðar á milli landshluta (2,3 til 3,1).
- Vestmannaeyjabær, Grindavíkurbær og Akranes og Hvalfjörður komu best út.
- A-Húnvatnssýsla, Sveitarfélagið Vogar og Strandir og Reykólar komu verst út.
- Fólk í sveitum er lítið eitt neikvæðara gagnvart þessum þætti en aðrir hópar. Unga fólkið var ýmist ánægðara eða óánægðara með framfærslumöguleikana.

# Framhaldsskóli




- Mikill munur var á afstöðu til námsmöguleika á framhaldsskólastigi á milli landshluta (meðaltal á bilinu 2,1 til 4,5).
- Akureyri, Skagafjarðarsýsla og Borgarfjarðarsvæði komu best út.
- Strandir og Reykhólar, Dalir og Sveitarfélagið Vogar komu verst út.
- Sveitin kom heldur verr út en aðrir. Ungt fólk í A-Húnnavatnssýslu, Vogum, Ströndum og Reykhólum og sveitinni í Suðurnesjabæ voru ánægðari með framhaldsskólana en aðrir.

# Friðsæld




- Svolítill munur var á afstöðu milli landshluta. Þeir efstu eru þó nokkuð áþekkir.
- Strandir og Reykhólar, Dalir og Þingeyjarsýsla komu best út.
- Reykjanesbær, höfuðborgarsvæðið og Árnessýsla komu verst út. Tvö neðstu skera sig nokkuð úr hinum, einkum höfuðborgarsvæðið.
- Konur eru almennt jákvæðari og í nokkrum tilvikum er sveitin jákvæðari en aðrir.

# Grunnskóli




- Nokkur munur var á afstöðu til gæða grunnskóla milli landshluta (meðaltal 3,4 til 4,2)
- Eyjafjörður, Akranes og Hvalfjörður og Rangárvallansýsla komu best út.
- Strandir og Reykhólar, S-Vestfirðir og Skaftafelssýslur komu verst út.
- Fólk í sveitum á Snæfellsnesi, höfuðborgarsvæðinu, S-Vestfjörðum og í Fjarðabyggð var óánægðara með grunnskólann en aðrir og ungt fólk í Vogum, Suðurnesjabæ, Fjarðabyggð, A- og V-Húnvatnssýslum skar sig á þennan hátt líka frá öðrum íbúum.

# Háskóli




- Mikill munur var á milli landshluta á afstöðu íbúanna til námsmöguleika á háskóla-stigi (meðaltal á bilinu 2,1 til 4,2).
- Akureyri, Borgarfjarðarsvæði og höfuðborgarsvæðið komu best út.
- S-Vestfirðir, Strandir og Reykhólar og Skaftafellssýslur komu verst út.
- Fólk í sveitum er almennt heldur óánægðara með háskóla en þó er fólk t.d. í sveitum í Eyjafirði og Fjarðabyggð jákvæðara en aðrir íbúar þar. Ungt fólk er heldur neikvæðara en aðrir ef frá eru talin höfuðborgar-svæðið, A-Húnnavatnssýsla, Vogar og Strandir og Reykhólar þar sem ungt fólk er jákvæðara en aðrir.

# Heilsugæsla




- Mikill munur var á afstöðu til heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu á milli landshluta (meðaltal 1,8 til 4,5). Landfræðilegur munur var mestur á þessum þætti.
- V-Húnnavatnssýsla, Dalir og Þingeyjarsýsla komu best út.
- Sveitarfélagit Vogar, Suðurnesjabær og Vestmannaeyjabær komu verst út.
- Unga fólk er heldur neikvæðara en aðrir hópar sem er athyglisvert í ljósi þess að það ætti almennt að vera með bestu heilsuna. Hins vegar er sá hópur helst með smábörn á heimilunum. Íbúar dreifbýlisins eru líka lítið eitt óánægðari en íbúar almennt.

# Innflytjendur




- Lítill munur var á afstöðu til þjónustu við innflytjendur milli landshluta (meðaltal á bilinu 2,9 til 3,6).
- Grindavíkurbær, Vestmannaeyjabær og V-Húnvatnssýsla komu best út.
- Strandir og Reykhólar, Sveitarfélag Íslands og S-Vestfirðir komu verst út.
- Undirhópar skáru sig ekki úr en á nokkrum svæðum var ungt fólk yfir meðaltali. Sama má segja um sveitina, á nokkrum landsvæðum taldi fólk í sveitinni þjónustu við innflytjendur lakari í sinni heimabyggð en aðrir.

# Internet




- þó nokkur munur er á afstöðu á milli landshluta (meðaltal frá 3,1 til 4,5)
- Höfuðborgarsvæðið, Akureyri og Akranes og Hvalfjörður komu best út.
- S-Vestfirðir, Fjarðabyggð og Strandir og Reykhólar komu verst út.
- Unga fólk er almennt lítið eitt ánægðara en aðrir ef undan er skilið sveitarfélagið Vogar. Fólk í sveitum er oft annað hvort neikvæðara eða jákvæðara en aðrir.

# Íbúðir




- Mikill munur var á afstöðu til þess hvort framboð á íbúðum til sölu væri nægjanlega gott á milli landshluta (meðaltal á bilinu 1,8 til 3,7).
- Sveitarfélagið Vogar, Akranes og Hvalfjörður og Akureyri komu best út.
- Dalir, Strandir og Reykhólar og Skaftafelssýslur komu verst út.
- Yngri íbúar og jafnvel íbúar í sveitunum skáru sig einna helst úr og voru að jafnaði neikvæðari en aðrir íbúar.

# Íþróttir




- Töluverður munur var á afstöðu á milli landshluta varðandi möguleika til íþrótta og tómstundaiðunar (meðaltal 3,0 til 4,4)
- Grindavíkurbær, Akureyri og höfuðborgarsvæðið komu best út.
- Strandir og Reykhólar, S-Vestfirðir og Dalir komu verst út.
- Af undirhópum sker sveitin sig helst úr. Innan ákveðinna svæða er sveitin óánægðari en aðrir þó fáein dæmi sé um hið gagnstæða.

# Laun




- All nokkur munur var á afstöðu til launatekna á milli landshluta (meðaltal á bilinu 2,4 til 3,9).
- Fjarðabyggð, Vestmannaeyjabær og Grindavíkurbær komu best út.
- V-Húnvatnssýsla, A-Húnvatnssýsla og Dalir komu verst út.
- Unga fólkið var almennt jákvæðara en aðrir sem er á vissan hátt athyglisvert þar sem að yngri íbúar hafa gjarnan lægri laun en þeir eldri.

# Leiguíbúðir




- Nokkur munur var á afstöðu til leiguíbúða-markaðarins á milli landshluta (meðaltal á bilinu 1,4 til 2,3).
- Akureyri, Akranes og Hvalfjörður og Vestmannaeyjabær komu best út.
- Skaftafellssýslur, Hérað og N-Múlasýsla og Sveitarfélagið Vogar komu verst út.
- Undirhópar skáru sig ekki mikið úr. Ungt fólk í A-Húnavatnssýslu, Döllum og Fjarðabyggð voru þó neikvæðari en aðrir.

# Leikskóli




- Nokkur munur var á afstöðu til leikskóla á milli landshluta (3,2 til 4,4).
- Akranes og Hvalfjörður, Rangárvallasýsla og Eyjafjörður komu best út.
- Skaftafellssýslur, Strandir og Reykhólar og S-Vestfirðir komu verst út.
- Íbúar í dreifbýli á S-Vestfjörðum voru óánægðari með leikskólana, einnig í Suðurnesjabæ, á höfuðborgarsvæðinu og á Snæfellsnesi. Unga fólk var almennt heldur neikvæðara, einkum í V-Húnnavatnssýslu og í Vogum.

# Loftgæði




- Mikill munur var á landsvæðum hvað þetta snerti, einkum ef horft er til þeirra sem lenda efst og neðst. Landsvæðin á miðjunni voru hins vegar mjög sambærileg (meðaltal á bilinu 3,2 til 4,8).
- Dalir, Strandir og Reykhólar og Snæfellsnes komu best út.
- Akureyri, höfuðborgar-svæðið og Reykjanessbær komu verst út.
- Fólkid í sveitunum skar sig einna helst úr og var að jafnaði ánægðara en aðrir hópar.

# Mannlíf




- Munurinn á afstöðu hvað mannlíf varðaði var frekar líttill á milli landshluta.
- Vestmannaeyjabær, N-Vestfirðir og Grindavíkurbær komu best út.
- Strandir og Reykhólar, Reykjanesbær og Sveitarfélag Þ Vogar komu verstu út.
- Ungt fólk var almennt óánægðara en aðrir.

# Menning




- Akureyri, V-Húnnavatnssýsla og Vestmannaeyjabær komu best út.
- Sveitarfélagið Vogar, Suðurnesjabær og S-Vestfirðir komu verst út.
- Dreifbýlisfólk var þó nokkuð óánægðara en aðrir þátttakendur með menningu og unga fólkid lítið eitt sums staðar.

# Náttúra




- Lítill munur var á afstöðu á milli landshluta. Neðstu landsvæðin skera sig nokkuð úr.
- Þingeyjarsýsla, Strandir og Reykhólar og Skaftafellssýslur komu best út.
- Reykjanesskagi, Suðurnesjarsvæðið og höfuðborgarsvæðið komu verst út.
- Undirhóparnir skera sig lítið úr, konur eru þó helst jákvæðari en aðrir og sveitin jákvæðari í nokkrum sveitarfélögum.

# Rafmagn




- Mikill munur var á afstöðunni til stöðu rafmagnsmála í héraði milli landshluta (meðaltal á bilinu 2,8 til 4,4).
- Akranes og Hvalfjörður, höfuðborgarsvæðið og Suðurnesjabær komu best út.
- Vestfirðir (S- Vestfirðir, N- Vestfirðir og Strandir og Reykhólar) komu áberandi verst út að þessu leyti.
- Fólkið í sveitunum skar sig einna helst úr og var að jafnaði óánægðara en aðrir hópar.

# Skipulagsmál




- Lítill munur er á milli landshlutanna hvað skipulagsmál snertir (meðaltal á bilinu 2,5 til 3,4). Engin ánægja með þennan lið gæti verið áhyggjuefni.
- Grindavíkurbær, Dalir og Rangárvallasýsla komu best út.
- Borgarfjarðarsvæði, N-Vestfirðir og Fjarðabyggð komu verst út.
- Fólkid í sveitunum skar sig einna helst úr og var ýmist ánægðara eða óánægðara en aðrir íbúar.

# Sorpmál




- Frekar mikill munur var á afstöðunni til sorpmála milli landshluta (meðaltal á bilinu 2,7 til 4,1).
- Akureyri, Eyjafjörður og Snæfellsnes komu best út. All nokkur munur er á þessum þremur og þeim sem koma næst á eftir.
- Grindavíkurbær, Reykjanessbær og Skaftafelssýslur komu verst út.
- Unga fólk var oftar ósáttara með sorpmálin en aðrir og jafnvel íbúar í dreifbýli, með fáeinum undantekningum.

# Tónlistarskóli




- Mikill munur er á milli þriggja neðstu og hinna landsvæðanna varðandi tónlistarskóla en annars hverfandi munur (meðaltal á bilinu 2,0 til 4,3).
- Akranes og Hvalfjörður, V-Húnnavatnssýsla og N-Vestfirðir komu best út.
- Strandir og Reykhólar, Sveitarfélagið Vogar og Dalir komu verst út.
- Fólkið í sveitunum og yngra fólkið skar sig einna helst úr og var að jafnaði óánægðara en aðrir hópar.

# Umferð




- Nokkur munur var á afstöðu á milli landshluta (3,29 og 4,43). Þau efstu eru þó nokkuð áþeckk.
- Grindavíkurbær, Fjarðabyggð og N-Vestfirðir komu best út.
- Höfuðborgarsvæðið, Árnessýsla og Reykjanesbær komu verst út og skera sig nokkuð úr hinum, einkum höfuðborgarsvæðið.
- Íbúar sveitanna voru almennt óánægðari en aðrir ef frá eru talin nokkur svæði. Ungt fólk í V-Húnvatnssýslu var ánægðara en aðrir.

# Umferðaröryggi




- Nokkur munur var á afstöðu á milli landshluta (meðaltal 3,3 og 4,3).
- Vestmannaeyjabær, Grindavíkurbaer og Suðurnesjabær komu best út.
- Skaftafellssýslur, Dalir og höfuðborgarsvæðið komu verst út.
- Ungt fólk var heldur ánægðara en aðrir en sveitin óánægðari.

# Unglingastarf




- Nokkur munur var á afstöðu til ungingastarfs á milli landshluta (2,7 til 3,8).
- Akranes og Hvalfjörður, Dalir og Grindavíkurbær komu best út.
- S-Vestfirðir, Strandir og Reykhólar og Þingeyjarsýsla komu verst út.
- Unga fólkið í nokkrum sveitarfélögum er óánægðara með ungingastarf og sveitin á höfuðborgarsvæðinu og Snæfellsnesi er neikvæðari en aðrir ásamt Akranesi og Hvalfirði.

# Vegakerfi




- Mikill munur var á afstöðu til vegakerfisins á milli landshluta (1,7 til 3,8).
- Akureyri, Sveitarfélagið Vogar og Grindavíkurbær komu best út.
- S-Vestfirðir, Dalir og V-Húnavatnssýsla komu verst út.
- Íbúar í sveitum eru neikvæðari en aðrir. Malarvegir hafa verið algengari til sveita en í þéttbýli.

# Vöruúrval




- Mikill munur á afstöðu til vöruúrvals á milli landshluta (meðaltal á bilinu 1,6 til 3,8).
- Höfuðborgarsvæðið, Akureyri og V-Húnnavatnssýsla komu best út.
- Sveitarfélagið Vogar, Dalir og Strandir og Reykhólar komu verst út.
- Fólkið í sveitunum skar sig einna helst úr og var að jafnaði óánægðara með vöruúrval en aðrir hópar þó undantekningar hafi verið á því.

# Vöruverð




- Mikill munur var á afstöðu til vöruverðs í héraði á milli landshluta (meðaltal á bilinu 1,2 til 3,1).
- Akranes og Hvalfjörður, Borgarfjarðarsvæði og Akureyri komu best út.
- Dalir, Strandir og Reykhólar og A-Húnnavatnssýsla komu verst út.
- Yngri íbúum sveið meira vöruverðið en öðrum íbúum.

# Öryggi



- Lítill munur er á afstöðu milli landshluta þó svo Reykjaneshær skeri sig lítið eitt úr.
- Vestmannaeyjabær, N-Vestfirðir og Eyjafjörður komu best út.
- Reykjaneshær, Sveitarfélagið Vogar og A-Hún komu verst út.
- Enginn undirhópanna skar sig úr, en ungt fólk var þó almennt ánægðara en aðrir.

# Umhverfismál




- Hverfandi lítt munur var á afstöðunni til umhverfismála almennt milli landshluta (meðaltal á bilinu 3,4 til 3,9). Meðaltölín benda m.a. til að mun fleiri séu ánægðir en óánægðir með umhverfismálum.
- Rangárvallasýsla, Snæfellsnes og Grindavíkurbær komu best út.
- Sveitarfélagið Vogar, S-Vestfirðir og Strandir og Reykhólar komu verstu út.
- Ekki var mikill munur á milli einstakra hópa íbúa. Unga fólkið sker sig úr á fáeinum stöðum, ýmist fyrir ofan eða neðan meðaltölín, en oft voru fá svör á bakvið þau.

Staða og mikilvægi búsetuskilyrða,  
breyting á milli kannana ásamt  
samanburði við höfuðborgarsvæðið


# Hvernig lesa á myndirnar sem núna koma!

- Þrjár myndir eru birtar fyrir hvern landshluta.
  - Staða og mikilvægi.
  - Breyting á milli kannana.
  - Samanburður við höfuðborgarsvæðið (landsbyggð).
- Myndirnar um stöðu og mikilvægi má túlka eins og myndina hér til hægri.
  - Þeir þættir sem lenda hægra megin efst koma best út úr könnuninni þar sem mikilvægið er mest og staðan best.
  - Þeir þættir sem lenda hægra megin neðst koma verst út úr könnuninni þar sem mikilvægið er mest og staðan verst.
  - Þættir sem lenda innan hinna tveggja reitanna eru mitt á milli.
- Athugasemdir við hverja glæru eru engan veginn tæmandi umfjöllun. Reynt er að draga fram áhugaverðustu breytingarnar og jafnframt að gefa lesandanum upplýsingar um það hvernig á að lesa í myndirnar og draga ályktanir um aðra þætti sem fram koma.




# Samanburður: Breyting milli kannanna og samanburður við höfuðborgarsvæðið og hvernig lesa á úr þeim myndum!

- Samanburður hvers svæðis er á milli kannanna og við höfuðborgarsvæðið. Fjórir reitir eru sýnilegir. Tveir hópar eru bornir saman: fókushópur og samanburðarhópur. Fókushópurinn er alltaf nefndur á undan samanburðarhópnum í yfirskrift.
  - Reiturinn hægra megin uppi (blár). Þar eru þættir sem eru betri í fókushópnum en í samanburðarhópnum en jafnframt mikilvægari fókushópnum en samanburðarhópnum.
  - Reiturinn hægra megin niðri (rauður). Þar eru þættir sem eru verri í fókushópnum en í samanburðarhópnum en jafnframt mikilvægari fókushópnum en samanburðarhópnum.
  - Reiturinn vinstra megin niðri (gulur). Þar eru þættir sem eru verri í fókushópnum en í samanburðarhópnum en jafnframt minna mikilvægir fókushópnum en samanburðarhópnum.
  - Reiturinn vinstra megin uppi (grænn). Þar eru þættir sem eru betri í fókushópnum en í samanburðarhópnum en jafnframt minna mikilvægir fókushópnum en samanburðarhópnum.




# Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í A-Húnvatnssýslu 2023




- Friðsæld, náttúra og loftgæði komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis samtímis.
- Vöruverð kom lang verst út í A-Hún. en síðan fylgdu vöruúárvsl, framfærsla og laun á eftir.
- Leiguíbúðamarkaðurinn kom verst út sem og námsmöguleikar á háskólastigi en voru ekki eins mikilvægir og aðrir þættir könnunarinnar.

# Samanburður á milli kannana í A-Húnavatnssýslu




- Vegakerfi var sað þáttur sem lagaðist mest á milli kannana og menning kom þar næst á eftir sem samtímis jókst einna mest að mikilvægi.
- Heilsugæsla, vörumerk og vörumerk versnuðu mest á milli kannana á svæðinu ásamt framfærslu, af þeim sem jukust samtímis tölувart að mikilvægi.
- Sorpmál versnuðu mest og töpuðu samhliða mikilvægi. Leikskóli og umhverfismál ásamt fleiru lento í fjórðungnum sem náði yfir þætti sem versnuðu á milli kannana og töpuðu jafnframt mikilvægi.
- Atvinnuúrval batnaði mest að gæðum á milli kannana af þeim sem misstu mikilvægi einna mest samtímis.

# Samanburður A-Húnavatnssýslu og höfuðborgarsvæðis




- Umferð, loftgæði, friðsæld, dvalarheimili og tónlistarskóli voru einna mest afgerandi í þeim fjórðungi líkansins sem mældist betri en á höfuðborgarsvæðinu (HBSV) og mikilvægari íbúum A-Hún. en íbúum HBSV.
- Vöruverð, atvinnuúrvval og vöruúrvval voru þættir sem voru áberandi í þeim fjórðungi líkansins sem var verri í landshlutnum en á HBSV og samtímis mikilvægari fólk í HBSV en einnig atvinnuöryggi, atvinnurekstur, laun, framhaldsskóli og háskóli.
- Almenningssamgöngur eru, í samanburði við HBSV, sá þáttur sem var hvað verstur af þeim þáttum sem voru jafnframt síst mikilvægir íbúum landsvæðisins A-Hún. Aðrir þættir í þeim fjórðungi sem staðan var verri en minna mikilvægir voru sorpmál, og skipulagsmál.
- Íbúðir (til sölu) var eini þátturinn í þeim fjórðungi líkansins sem mældist betri í A-Hún. en á HBSV og samtímis minna mikilvægur þeim en íbúum HBSV.

# Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Akranessvæði 2023




- Friðsæld, rafmagn og öryggi komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis.
- Skipulagsmál og vegakerfi þarfust helst úrbóta.
- Leiguíbúðir og háskóli töldust standa verst af þeim þáttum sem jafnframt voru minnst mikilvægir að mati íbúa.

# Samanburður á milli kannana á Akranessvæði




- Menning var sá þáttur sem lagaðist mest á milli kannana og jókst samtímis einna mest að mikilvægi.
- Heilsugæsla versnaði mest á milli kannana á svæðinu af þeim sem jukust hvað mest að mikilvægi og þar á eftir komu almenningssamgöngur.
- Sorpmát versnuðu mest af þeim sem töpuðu mikilvægi. Leiguíbúðir, leikskóli, íþróttir og grunnskóli og fleiri þættir lento í þeim fjórðungi líkansins.
- Atvinnuöryggi batnaði mest að gæðum á milli kannana en missti samtímis mikilvægi. Aðrir þættir í þeim fjórðungi þar sem staðan batnar en mikilvægið minnkar voru atvinnuúrval, laun, framhaldsskóli og ungingastarf.

# Samanburður Akranessvæðis og höfuðborgarsvæðis




- Umferð, íbúðir leikskóli, dvalarheimili, fatlaðir, aldraðir og tónlistarskóli voru einna mest afgerandi í þeim fjórðungi líkansins sem mældist betri en á höfuðborgarsvæðinu (HBSV) og mikilvægari íbúum Akranes-svæðisins en íbúum HBSV.
- Atvinnuúval og atvinnuöryggi, voru mest áberandi í þeim fjórðungi líkansins sem var verri í landshlutanum en á HBSV og mikilvægari fólk þar en á HBSV, en einnig laun og atvinnurekstur ásamt fleiri þáttum.
- Enginn þáttur mældist í þeim fjórðungi þar sem staðan var verri á Akranessvæði en jafnframt minna mikilvæg fólk þar en á HBSV.
- Sorpmál var eini þátturinn í þeim fjórðungi líkansins sem mældist betri en á HBSV og samtímis minna mikilvægur fyrir íbúa svæðisins en fyrir íbúa HBSV.

# Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Akureyri 2023




- Náttúra, internet, friðsæld og öryggi komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis samtímis.
- Heilsugæsla, þjónusta við aldraða, dvalarheimili, loftgæði, laun, framfærsla, vöruverð og skipulagsmál komu verst út að teknu tilliti til mikilvægis.

# Samanburður á milli kannana á Akureyri




- Rafmagn batnaði mest á milli kannana á Akureyri af þeim þáttum sem jukust að mikilvægi. Möguleikar til eigin atvinnurekstrar fylgir þar fast á hæla.
- Fasteignamarkaðurinn, vöruverð og dvalarheimili voru einna mest áberandi meðal þeirra þáttu sem gáfu eftir að gæðum á milli kannana en jukust jafnframt að mikilvægi.
- Heilsugæsla, loftgæði og þjónusta við fatlaða og fleira voru meðal þáttu sem versnuðu á milli kannana og töpuðu jafnframt mikilvægi.
- Atvinnuúrvval og laun ásamt fleiri þáttum jukust að gæðum á milli kannana en misstu jafnframt mikilvægi.

# Samanburður Akureyrar og höfuðborgarsvæðis




- Athygli vekur að flestir þættir eru mikilvægari Akureyringum en höfuðborgarbúum og þar sker háskólinn sig úr ásamt atvinnuöryggi, atvinnuúrvali og framhaldsskólum.
- Það er einnig athyglisvert að miklu fleiri þættir eru taldir af íbúum viðkomandi landshluta betri á Akureyri en á höfuðborgarsvæðinu (HBSV).
- Háskólinn kom best út úr þessum samanburði þar sem Akureyringar voru mun ánægðari með hann en höfuðborgarbúar með sína, auk þess sem hann skipti þá meira máli en háskólar HBSV skipta íbúa þess landsvæðis.
- Laun komu lang verst út úr þessum samanburði og svo dvalarheimili en þau voru Akureyringum líka mikið mikilvægari en höfuðborgarbúum.

# Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í Árnessýslu 2023




- Náttúra, friðsæld og öryggi komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis samtímis.
- Heilsugæsla, vörumerð og framfærsla komu verst út að teknu tilliti til mikilvægis.
- Leigumarkaðurinn, almenningssamgöngur og háskólar stóðu líka illa en voru ekki eins mikilvægir og flestir aðrir þættir könnunarinnar.

# Samanburður á milli kannana í Árnessýslu




- Menningin batnaði mest á milli kannana á landsvæðinu af öllum þáttum og tilheyrði þeim þáttum sem sóttu í sig veðrið á milli kannana og jukust jafnframt að mikilvægi.
- Vöruverð, þjónusta við fatlaða (fatlaðir) og leikskóli voru einna mest áberandi í þeim fjórðungi líkansins (hluta) sem innihélt þætti sem gáfu eftir að gæðum á milli kannana en jukust að mikilvægi.
- Tónlistarskóli, þjónusta við innflytjendur (innflytjendur), háskóli og fleira voru meðal þeirra þátta sem versnuðu á milli kannana og töpuðu jafnframt mikilvægi.
- Atvinnuöryggi og þjónusta við fólk í fjárhagsvanda (fjárhagsvandi) jukust að gæðum á milli kannana en misstu jafnframt mikilvægi.

# Samanburður Árnessýslu og höfuðborgarsvæðis




- Loftgæði, umferð og friðsæld ásamt fleiri þáttum lenti í þeim fjórðungi líkansins sem mældist betri en á höfuðborgarsvæðinu (HBSV) en jafnframt mikilvægari íbúum Árnessýslu en íbúum HBSV.
- Háskóli, laun og atvinnuúrval voru þeir þættir sem voru áberandi meðal þátta sem voru verri í landshlutanum en á HBSV og jafnframt mikilvægari fólk íbár en á HBSV.
- Almenningssamgöngur var sá þáttur sem var verstur í samanburði við HBSV en jafnframt síður mikilvægur íbúum landsvæðisins í samanburði við íbúa HBSV.
- Íbúðir til sölu var eini þáttur landshlutans sem flokka mætti sem betri þáttur en á HBSV og samtímis minna mikilvægur íbúum svæðisins en íbúum HBSV.

# Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Borgarfjarðarsvæði 2023




- Náttúra, friðsæld, loftgæði og öryggi komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis samtímis.
- Heilsugæsla, skipulagsmál, vegakerfi, laun og heilsugæsla komu verst út að teknu tilliti til mikilvægis. Þar nærri voru framfærsla og vöruverð.
- Almenningssamgöngur og fasteignamarkaðurinn stóðu líka illa (og leiguíbúðir lang verst) en voru ekki eins mikilvægir og flestir aðrir þættir könnunarinnar.

# Samanburður á milli kannana á Borgarfjarðarsvæði




- Internet batnaði mest á milli kannana á landsvæðinu af þeim þáttum sem jukust samtímis að mikilvægi. Þátturinn þjónusta við innflytjendur jókst meira að mikilvægi en internet en batnaði eins mikið.
- Vöruberð var einna mest áberandi meðal þeirra þátta sem versnuðu á milli kannana en urðu jafnframt mikilvægari.
- Grunnskóli, almenningssamgöngur, háskóli og fleira voru meðal þeirra þátta sem versnuðu á milli kannana og töpuðu jafnframt mikilvægi.
- Skipulagsmál, fjárhagsvandi og atvinnuúrvál ásamt fleiri þáttum jukust að gæðum á milli kannana en misstu jafnframt mikilvægi. Skipulagsmál bötnuðu mest allra þáttanna 40.

# Samanburður Borgarfjarðarsvæðis og höfuðborgarsvæðis




- Dvalarheimili, loftgæði og háskóli voru áberandi betri í þeim fjórðungi líkansins sem mældist betri en á höfuðborgarsvæðinu (HBSV) en jafnframt mikilvægari íbúum Borgarfjarðarsvæðis en íbúum HBSV.
- Laun og atvinnuúrval voru áberandi verstu þættirnir að teknu tilliti til mikilvægis í þeim fjórðungi líkansins sem var verri í landshlutanum en á HBSV og jafnframt mikilvægari fólki þar en á HBSV.
- Almenningssamgöngur var sát þáttur sem var hvað minnst mikilvægur í samanburði við HBSV og lenti í þeim fjórðungi sem innihélt þætti sem voru lakari að gæðum en á höfuðborgarsvæðinu en jafnframt minna mikilvægur íbúum Borgarfjarðarsvæðis en HBSV.
- Sorpmál, öryggi og umferð mældust betri en á HBSV og samtímis minna mikilvæg viðkomandi íbúum en íbúum HBSV. Umferð og öryggi voru samt svo nærrí lóðréttá ásnum að munurinn var vart marktækur m.t.t. „mikilvægis“.

# Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í Dölu 2023




- Friðsæld og náttúra komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis samtímis.
- Vörnuverð, vegakerfi, vöruúrvval og e.t.v. farsími komu lang verst út í þeim samanburði.
- Fasteignamarkaðurinn, háskóli, framhaldsskóli og almenningssamgöngur voru þættir sem stóðu líka illa en voru ekki taldir eins mikilvægir og aðrir þættir könnunarinnar.

# Samanburður á milli kannana í Dölu




- Menning, fjárhagsvandi, skipulagsmál og framhaldsskóli voru áberandi meðal þeirra þátta sem bötnuðu á milli kannana og jukust samtímis mest að mikilvægi. (fjórðungurinn uppi til hægri)
- Íbúðir til sölu var þátturinn sem versnaði mest á milli kannana á svæðinu af þeim sem jukust samtímis að mikilvægi. Leiguíbúðir, farsími og fleiri voru einnig meðal þeirra þátta sem versnuðu á milli kannana og jukust að mikilvægi (fjórðungurinn niðri til hægri)
- Vörurúrvall, vegakerfi og vöruberð lenti í þeim fjórðungi sem náði til þátta sem versnuðu á milli kannana og töpuðu jafnframt mikilvægi.
- Atvinnuöryggi ásamt fleiri þáttum lenti í fjórðungnum sem taldi þætti sem löguðust á milli kannana en misstu líka mikilvægi.

# Samanburður Dala og höfuðborgarsvæðis




- Loftgæði og heilsugæsla voru mest áberandi í þeim fjórðungi líkansins sem hélt utan um þætti sem voru betri í Dölunum en á höfuðborgarsvæðinu (HBSV) en voru jafnframt mikilvægari íbúum Dala en íbúum HBSV.
- Atvinnuúrval, vörumerð og framhaldsskóli voru þættir sem voru einna mest áberandi í þeim fjórðungi líkansins sem innihélt þætti sem voru verri í Dölunum en á HBSV og jafnframt mikilvægari fólk í þar en á HBSV. Vörumerð, vegakerfi, farsími, framhaldsskóli og vörumerð voru nokkuð áberandi þarna líka en mældust verri en atvinnuúrval en alls ekki eins mikilvægir.
- Almenningssamgöngur var sá þáttur sem var verstur í samanburði við HBSV en samtímis minna mikilvægur íbúum Dalanna en HBSV.
- Sorpmál, ásýnd og umhverfismál voru þættir í þeim fjórðungi líkansins sem mældist betri en á HBSV og samtímis minna mikilvægur íbúum Dala en íbúum HBSV. Varla marktækt.

# Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í Eyjafirði 2023




- Náttúra og friðsæld og þar á eftir öryggi og loftgæði voru þeir þættir sem komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis samtímis.
- Vöruverð, vegakerfið og heilsugæslan komu verst út að teknu tillit til mikilvægis.
- Almenningssamgöngur og fasteignamarkaðurinn stóðu líka illa en voru ekki eins mikilvægir þættir og aðrir þættir könnunarinnar.

# Samanburður á milli kannana í Eyjafirði




- Rafmagn var sá þáttur sem lagaðist mest á milli kannana og jökst samtímis lítið eitt að mikilvægi.
- Þátturinn leiguíbúðir jökst mest að mikilvægi á milli kannana á svæðinu en versnaði samtímis einna mest. Í þeim fjórðungi (hluta) var þjónusta við fatlaða einnig áberandi ásamt heilsugæslu, dvalarheimili og íbúðum til sölu.
- Tónlistarskóli og menning ásamt fleiru lentu í þeim fjórðungi sem náði yfir þætti sem versnuðu á milli kannana og töpuðu jafnframt mikilvægi.
- Atvinnuöryggi, atvinnuúrval og fleira voru á meðal þeirra þátta sem jukust að gæðum á milli kannana en misstu jafnframt mikilvægi samtímis.

# Samanburður Eyjafjarðar og höfuðborgarsvæðis




- Umferð, loftgæði, friðsæld, leikskóli og þjónusta við aldraða voru mest áberandi meðal þeirra þátta sem mældust betri í Eyjafirði en á höfuðborgarsvæðinu og mikilvægari íbúum en íbúum HBSV.
- Vörumerð, atvinnuúrval, atvinnurekstur og atvinnuöryggi voru áberandi af þeim þáttum sem voru verri í landshlutnum en á HBSV og mikilvægari fólk þar en á HBSV. Þátturinn vörumerð er heldur verri í þessum samanburði en ekki eins mikilvægur á meðan atvinnuúrval er mikilvægara en vörumerð en ekki eins slæmt og það.
- Almenningssamgöngur, vörumerð og menning voru verri að gæðum en á HBSV og samtímis minna mikilvæg íbúum Eyjafjarðar en íbúum HBSV.
- Skipulagsmál og íbúðir til sölu voru þættir í þeim fjórðungi líkansins sem innihélt þætti af betri gæðum en á HBSV og voru samtímis minna mikilvægir íbúum Eyjafjarðar en íbúum HBSV.

# Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í Fjarðabyggð 2023




- Náttúra og friðsæld komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis samtímis.
- Vöruverð og vöruúrval komu lang verst út að teknu tilliti til mikilvægis.
- Leiguíbúðir, háskóli, íbúðir til sölu og almenningssamgöngur komu viðlíka illa út en voru ekki eins mikilvægir þættir.

# Samanburður á milli kannana í Fjarðabyggð




- Atvinnurekstur, rafmagn og menning voru þeir þættir sem löguðust einna mest á milli kannana af þeim sem jukust jafnframt að mikilvægi.
- Leiguíbúðir, íbúðir til sölu, sorpmál og vegakerfi ásamt fleiru voru áberandi meðal þeirra þátta sem versnuðu á milli kannana og jukust jafnframt að mikilvægi.
- Atvinnuöryggi, atvinnuúrval og laun jukust að gæðum á milli kannana af þeim sem misstu mikilvægi samtímis.
- Athygli vekur hvað margir þættir aukast að mikilvægi. Fjarðabyggð er reyndar ekki eitt sveitarfélaga um það.

# Samanburður Fjarðabyggðar og höfuðborgarsvæðis




- Athygli vekur að nánast allir þættirnir 40 eru íbúum Fjarðabyggðar mikilvægari en íbúum höfuðborgarsvæðisins (HBSV).
- Umferð, loftgæði, friðsæld, laun og atvinnuöryggi ásamt öðru voru áberandi meðal þeirra þátta sem mældust betri en á HBSV og mikilvægari íbúum Fjarðabyggðar en íbúum HBSV.
- Vöruúrval, háskóli og vöruverð voru áberandi þættir í þeim fjórðungi líkansins sem var verri í landshlutanum en á HBSV og mikilvægari fólk þar en á HBSV.

# Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í Grindavík 2023




- Svörin fyrir Grindavík voru óheppilega fá þannig að mikil óvissa er í niðurstöðunum. Mikill meirihluti svaranna kom fyrir örlagadaginn 10. nóvember 2023.
- Friðsæld kom best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis samtímis.
- Vöruverð, heilsugæsla, vöruúrval og sorpmál komu lang verst út varðandi stöðu og mikilvægi.
- Almenningssamgöngur, háskóli, framhaldsskóli og íbúðir til sölu komu álíka illa út en voru ekki taldir eins mikilvægir þættir og þeir fyr nefndu.

# Samanburður á milli kannana í Grindavík




- Atvinnuöryggi, laun og vöruúrvval voru þeir þættir sem löguðust einna mest á milli kannana og jukust mest að mikilvægi samtímis.
- Sorpmál, vöruverð, leiguíbúðir, íbúðir til sölu og framfærsla ásamt fleiri þáttum voru áberandi meðal þeirra þátta sem versnuðu á milli kannana og jukust jafnframt að mikilvægi. Staða sorpmála versnaði áberandi mest.
- Dvalarheimili og náttúra versnuðu á milli kannana og töpuðu jafnframt mikilvægi. Báðir varla marktækt nema kannski dvalarheimili m.t.t. „stöðu“.
- Innflytjendur, grunnskóli og menning jukust mest að gæðum á milli kannana af þeim sem misstu mikilvægi einna mest samtímis.

# Samanburður Grindavíkur og höfuðborgarsvæðis




- Umferð, örugg umferð og innflytjendur ásamt fleiru voru þættir í þeim fjórðungi líkansins sem mældist betri en á höfuðborgarsvæðinu (HBSV) og mikilvægari íbúum en íbúum HBSV.
- Vöruúrvval, framhaldsskóli, háskóli og vöruverð voru áberandi þættir í þeim fjórðungi líkansins sem var verri í landshlutánnum en á HBSV og mikilvægari fólki þar en á HBSV.
- Loftgæði, umhverfismál og náttúra lentu í þeim fjórðungi líkansins sem mældist betri en á HBSV og samtímis minna mikilvægur íbúum Grindavíkur en íbúum HBSV. Vart marktækir þó.

# Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Héraði og N-Múl. 2023




- Náttúra, friðsæld og öryggi komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis samtímis.
- Heilsugæsla, vörumerð og vegagerð komu verst út.
- Fasteignamarkaðurinn háskóli og almennings- samgöngur komu álíka illa út en voru ekki taldir eins mikilvægir og flestir aðrir þættir sem spurt var um.

# Samanburður á milli kannana á Héraði og N-Múlasýslu




- Fjárhagsvandi, heilsugæsla og menning voru þeir þættir sem löguðust einna mest á milli kannana og jukust mest að mikilvægi samtímis.
- Leiguíbúðir, íbúðir, vörverð og almenningssamgöngur ásamt fleiru lenti í fjórðungnum sem náði yfir þætti sem versnuðu á milli kannana og jukust jafnframt að mikilvægi.
- Leikskóli, sorpmál og afþreying versnuðu á milli kannana og töpuðu jafnframt mikilvægi.
- Háskóli, internet, atvinnuöryggi, innflytjendur og atvinnuúrval jukust mest að gæðum á milli kannana af þeim sem misstu mikilvægi einna mest samtímis.

# Samanburður Héraðs og N-Múl. og höfuðborgarsvæðis




- Umferð, loftgæði og friðsæld voru þættir ásamt fleirum í þeim fjórðungi líkansins sem mældist betri en á höfuðborgarsvæðinu (HBSV) og mikilvægari íbúum Héraðs og N-Múl. en íbúum HBSV.
- Háskóli var áberandi í þeim fjórðungi líkansins sem var verri í landshlutnum en á HBSV og mikilvægari fólk þar en á HBSV.
- Skipulagsmál var eini þátturinn í þeim fjórðungi líkansins sem var verri í landshlutnum en á HBSV og ómikilvægari fólk þar en á HBSV.
- Þátturinn sorpmál mældist betri en á HBSV og samtímis minna mikilvægur íbúum landshlutans en íbúum HBSV. Hann var samt svo nærrí öðrum ásnum að munurinn var ekki marktækur m.t.t. „stöðu“.

# Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á höfuðborgarsvæðinu




- Internet, náttúra og rafmagn komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis samtímis.
- Umferð, heilsugæsla, sorpmál og skipulagsmál komu lang verst út þegar horft var til stöðu og mikilvægis samtímis.
- Þættirnir íbúðir til sölu, almenningssamgöngur framfærsla og vöruverð komu verst út en voru ekki taldir eins mikilvægir og þættirnir sem nefndir voru á undan.

# Samanburður á milli kannana á höfuðborgarsvæðinu




- Friðsæld og náttúra voru þeir þættir sem löguðust einna mest á milli kannana og jukust mest að mikilvægi samtímis.
- Þættirnir sorpmál, heilsugæsla, íbúðir, leikskóli og umferð voru áberandi meðal þeirra sem versnuðu á milli kannana og jukust jafnframt að mikilvægi.
- Leiguíbúðir, almenningssamgöngur og framhaldsskólar ásamt fleiru versnuðu á milli kannana og töpuðu jafnframt mikilvægi.
- Þjónusta við innflytjendur og launatekjur jukust mest að mikilvægi á milli kannana af þeim sem misstu mikilvægi einna mest samtímis.

# Samanburður höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar




- Hér vekur athygli að allir þættir virtust vera síður mikilvægir íbúum höfuðborgarsvæðisins en landsbyggðarinnar. Þá voru mun fleiri þættir betri á höfuðborgar-svæðinu en á landsbyggðinni.
- Vöruúrval, háskólar, afþreying og atvinnuúrval voru mikið betri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.
- Umferð, loftgæði, friðsæld, umferðaröryggi og fleiri þættir voru hinsvegar mikið verri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

# Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á N-Vestfjörðum 2023




- Náttúra, friðsæld og öryggi komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis samtímis.
- Vegakerfi, heilsugæsla og vöruberð komu lang verst út að teknu tilliti til mikilvægis.
- Þættirnir leiguíbúðir, almenningssamgöngur og íbúðir ásamt háskóla stóðu líka illa en voru ekki eins mikilvægir og aðrir þættir könnunarinnar.

# Samanburður á milli kannana á N-Vestfjörðum




- Atvinnuúrval batnaði mest á milli kannana á landsvæðinu og jónst samtímis einna mest að mikilvægi.
- Vöruverð, framfærsla og innflytjendur voru einna mest áberandi meðal þátta sem gáfu eftir að gæðum á milli kannana en urðu jafnframt mikilvægari.
- Þættirnir heilsugæsla, þjónusta við fatlaða (fatlaðir), sorpmál og unglungastarf ásamt fleiru voru meðal þátta sem versnuðu á milli kannana og töpuðu jafnframt mikilvægi.
- Atvinnurekstur, háskóli og menning jukust að gæðum á milli kannana en misstu jafnframt mikilvægi.

# Samanburður N-Vestfjarða og höfuðborgarsvæðis




- Loftgæði, friðsæld, tónlistarskóli og þjónusta við innflytjendur (innflytjendur) ásamt fleiru voru meðal þátta sem voru betri en á höfuðborgarsvæðinu (HBSV) en jafnframt mikilvægari íbúum N-Vestfjarða en íbúum HBSV.
- Atvinnuöryggi og atvinnuúrval voru áberandi meðal þátta sem voru verri í landshlutanum en á HBSV og jafnframt mikilvægari fólk þar en á HBSV. Háskóli og vegakerfi voru það líka en mældust verri en hinir tveir en alls ekki eins mikilvægir.
- Skipulagsmál var sá þáttur sem var hvað verstur í samanburði við HBSV en jafnframt síður mikilvægur íbúum landsvæðisins í samanburði við íbúa HBSV en næstægum marktækur.
- Sorpmál og umferð voru þættir í þeim fjórðungi líkansins sem mældist betri en á HBSV og samtímis minna mikilvægur íbúum svæðisins en íbúum HBSV. Sorpmál voru samt svo nærrí einum ásnum að munurinn var ekki marktækur m.t.t. „stöðu“.

# Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í Rangárvallasýslu 2023




- Náttúra og friðsæld komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis samtímis.
- Vöruverð, vöruúrvval og framfærsla komu lang verst út í sambærilegum samanburði.
- Fasteignamarkaðurinn, háskóli og almenningssamgöngur stóðu líka illa en voru ekki taldir eins mikilvægir og aðrir þættir könnunarinnar.

# Samanburður á milli kannana í Rangárvallasýslu




